



Vestfjarðastofa

Innviðaráðuneyti  
Sölvhólsgötu 7  
Reykjavík



Fjórðungssamband  
Vestfirðinga

Ísafirði 24. ágúst 2024

## Umsögn; Grænbók um skipulagsmál í Samráðsgátt S 145/2023

Vestfjarðastofa ritar þessa umsögn fyrir hönd Fjórðungssambands Vestfirðinga

Miklþvægt er að ráðuneytið hafi sett af stað umfjöllun um málaflökkinn í þennan feril stefnumörkunar. Samhæfing áætlana ráðuneytisins eru hér viðfangsefnið, og þar þarf að vera skýr sú framtíðarsýn sem þá er stefnt er að og hvernig staðið er að mótun hennar.

Hér er fyrst varpað fram til umræðu hvort nýta megi Sviðsmyndagerð við framsetningu málsins. Sviðsmyndagerð er þekkt leið til að velta upp mögulegum birtingarmyndum framtíðarsýnar en þar er reynt að varpa ljósi á stöðu og mögulega ferla sem leiða til ákveðinna sviðsmynda. Við undirbúning Sóknaaráætlunar Vestfjarða 2020-2024 var unnin slík sviðsmyndavinna<sup>1</sup> og hefur reynst vel í að rýna þróun samfélaga og atvinnulífs til dagsins í dag og þá drifkrafta sem þar liggja undir. (en þar var það niðurstaða að aðgerðir/aðgerðaleysi stjórnvalda í innviðamálum og staða og uppbygging þekkingar innan samfélaga og atvinnulífs væru megindrifkraftar)

Hugmynd er hér sett fram hvort beina ætti vinnu sem framunda er við gerð Hvítbókar um skipulagsmál í form sviðsmyndavinnu. Sú vinna varpi ljósi á hvaða drifkraftar eru undirliggjandi til að samhæfing áætlana stuðli að yfirmarkmiði er varðar búsetufrelsi einstaklinga og hvaða sviðsmyndir birtast eftir mismunandi vægi þessara drifkrafta.

### Stöðumat

Telja verður að náðst hafi að tilgreina stöðu í þeim málaflökkum sem eru til umfjöllunar. Settur er hér þó fyrirvari að grunnur stöðumatsins byggir á heildarmati fyrir efnahag, samfélag og umhverfi fyrir landið sem eina heild. Staða einstakra landshluta og atvinnusvæða er hinsvegar mismunandi og frávik eru frá slíku stöðumati fyrir einstaka landshluta. Telja verður nauðsynlegt að gerð verði greining á því hvar það frávik er til staðar og í Hvítbók væru tilgreindar aðgerðir í áætlunum stjórnvalda t.d. að flýta innviðaframkvæmdum í einum landshluta umfram meðaltal.

Fyrir landshluta sem Vestfirði sem eru að byggjast upp eftir langtíma niðursveiflu og búa við verri stöðu innviða er ekki ásættanlegt að umfjöllun um stöðumat varpi ekki ljósi á stöðu mála. Dæmi hér um er staða í flutingsmálum raforku og orkuframléiðslu á Vestfjörðum sem starfshópar á vegum Umhverfis, orku og loftlagsráðuneyti og forverar hafa fjallað um, nú síðast

<sup>1</sup> [https://www.vestfirdir.is/static/files/Innvidir/nmi\\_a-krossgotum\\_loka.pdf](https://www.vestfirdir.is/static/files/Innvidir/nmi_a-krossgotum_loka.pdf)



með skýrslu í júní s.l.<sup>2</sup> og kemur berlega fram hve landshlutinn er í erfiðri stöðu og til að mæta nýjum verkefnum s.s. orkuskiptum, en um leið er bent á leiðir til úrlausnar.

Í stöðumati þarf einnig að lýsa hvernig skilgreining á ákvörðunarbreytum er sett fram í ljósi mismunandi stöðu landshluta. Hvað felst í t.d. sjálfbærni þróun, aftur-og óafturkræfum umhverfisáhrifum, vistkerfisnálgun, hringrásarhagkerfi. Dæmi

*„Með grænum, nýskapandi og viðnámsþolnum svæðum er lögð áhersla á svæðisbundna samkeppnishæfni jafnt í þéttbýli sem dreifbýli. Lykilforsenda er nýsköpun og aðlögunarhæfni til að fólk sé betur í stakk búíð til að takast á við áföll framtíðarinnar, sem og mögulegar kerfisbreytingar þegar hallar undan fæti. Græn orkuskipti fela í sér þróunartækifæri fyrir fyrirtæki á ólíkum svæðum, svo sem á sviði hringrásarhagkerfis, orkumála og lífhagkerfis.“*  
Bls.37 – Kafli.3,6

Þessi efnisgrein er góð en hvað merkir hún og hvernig næst fram þegar skilningur á því hvað felst í þeim hugtökum sem þarna koma fram er misjafn og hvernig hefur hún áhrif á Vestfjörðum.

## Lykilviðfangsefni

Að mati Fjórðungssambands þarf að taka eftirfarandi atriði til skoðunar.

- **Þróun þéttbýlis og verndargildi**

Eigi að gera þéttbýli hagkvæmara fyrir almenningssamgöngur þarf meira nýtingu á byggingarreitum. Einnig þarf þá að velja vel verndunargildi húsa og götuheilda. Það getur vel verið að búa þurfi til nýja götumynd. Bæir eru lifandi fyrirbrigði og þurfa að geta vaxið og breyst í gegnum líftíma sinn, að koma fram við bæi eins og safngripi er kannski ekki besta leiðin til þess að tryggja viðgang þeirra.

- **Hamlandi eignarhald lands í vaxandi þéttbýli**

Heimild sveitarfélag til þess að leysa til sín land sem tryggir eðlilega þéttbýlismyndun. Þarf að t.d. gera tillögur um að sveitarfélög geti tekið hluta lands í einkaeign eignarnámi og skipulagt.

- **Dreift eignarhald bújarða**

Sama atriði á við landbúnaðarmál, en að jarðir eru vegna dreifðs eignarhalds orðnar svo gott sem friðaðar. Til þess að tryggja framþróun í landbúnaði þarf að tryggja þéttari stjórnun á landi þannig að minnihluti takmarki ekki vilja meirihluta eigenda

- **Byggðasjórnarmið auka tekjuviðmið í stofnfjárframlögum.**

Nauðsynlegt er að tekjuviðmið taki mið af staðsetningum þ.s. heildartekjur eru vegna vaktavinnu hærri en tekjuviðmið eru, þó dagvinnulaun séu innan marka. Horfa verður til fleiri þátta en heildatekna í við tekjuviðmið við leigurétt í leiguíbúðum fjármagnaðri með stofnfjárviðmiðum. Horfa verður á dagvinnulaun en ekki heildarlaun, slíkt er í raun fátæktargildra.

<sup>2</sup> [https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/URN/Efling\\_Samfelags\\_a\\_Vestfjordum\\_Web.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/URN/Efling_Samfelags_a_Vestfjordum_Web.pdf)

- **Nýting og verndun haf og strandsvæða.**

Strandsvæðaskipulag fyrir Vestfirði leggur til grundvallar að forsendur og samhliða áskoranir skipulagsins séu til að leggja grunn að efla byggð og lífsgæði á Vestfjörðum og á því byggir stefnumörkun skipulagsins.

Gerð er krafa um að þessi stefna verði höfð til grundvallar um útfærslu á lykilviðfangsefni um að auka yfirsýn og breiðri sátt um nýtingu haf og strandsvæða við áframhaldandi vinnu á grundvelli skipulagsins. Staðbundin nýting hefur aukist hratt og skapað mikil verðmæti og mun gera til langrar framtíðar til viðbótar núverandi starfsemi í strandsvæðinu.

Siglingar um strandsvæðið eru í grunnin frjálssar en með leiðbeinandi merkjum samkvæmt alþjóðaviðmiðum sem íslensk stjórnvöld hafa gerst aðilar að, er ferðum skipa og sérstaklega stærri skipa vegna öryggis þeirra leiðbeint með kortum og siglingarmerkjum. Í

Strandsvæðaskipulagi Vestfjarða er fjallað um þennan þátt og þar sem staðbundin nýting skarast við siglingaleiðir eru lagðar til mótvægisáðgerðir. Markmiðið er að mynda sátt um nýja nýtingu strandsvæðisins með ásættanlegar siglingaleiðir en um leið skapa rými fyrir staðbundna nýtingu.

Veitulagnir í sjó (orka, gagnaflutningar) þurfa á sama hátt taka til samráðs. Hér er um ræða staðbundna nýtingu sem hefur í gegnum áratugi haft áhrif á m.a. á veiðar, en með nýrri starfsemi líkt og fiskeldi koma upp nýjar aðstæður. Þar þarf jafnt að huga að vera opin fyrir að endurskoða forsendur núverandi lagnasvæða s.s. þrengja að eða færa þau, ef það skapar nýja möguleika til nýtingar án þess að ganga á öryggi og hagkvæmni veitulagna nú eða skilgreint þjóðaröryggi.

Ný orkumannvirki á sjó, jafnt í strandsvæði eða hafsvæði eru tilgreind í strandsvæðaskipulagi og þar þarf samráð um veitulagnir samhliða vali á staðsetningu.

Umfjöllun um framangreind atriði koma inn á aðra kafla Grænbókar er varða Framtíðarsýn, Áherslur og Umhverfismat.

Vestfjarðastofa og Fjórðungssamband Vestfirðinga áskilur sér síðan rétt til að fjalla um framangreint mál á síðari stigum.

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri